

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007, lóðir við Ægissíðu suður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007 frá 25. september 1987.

Breytingin felst í því að u.þ.b. 1.200 m² „verndað svæði“ við Ægissíðu suður breytist í íbúðarlóðir. Á svæðinu er gert ráð fyrir einbýlishúsum og hámarksnýtingarhlutfall verður 0,35.

Skipulagið hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. apríl 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007